


VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Árangur smáseiðasleppinga í
Sæmundará í Skagafirði

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

Sigurður Guðjónsson

September 1983

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

Sigurður Guðjónsson.

1983.

Árangur smáseiðasleppinga í vatnakerfi Sæmundarár.

Árið 1981 var sleppt laxaseiðum á ársvæði er ekki nýttust til framleiðslu á laxi. Árangur þessa sleppinga var kannaður 1982 (Sigurður Már Einarsson 1982).

Þann 19. ágúst 1983 var árangur þessa sleppinga aftur athugaður, einkum til að fá frekari vitneskju um vöxt sleppiseiðanna.

Aðferðir.

Rafveitt var á 1 stað í Valadalsá en á svipuðum slóðum var veitt 1982 (mynd 1). Seiði sem veiddust voru lengdarmæld og veginn og aldur þeirra ákvarðaður með kvarnalestri. Holdastuðull (condition factor) var reiknaður ($\frac{\text{þyngd}}{\text{lengd}^3} \times 100$) og segir hann til um holdafar seiðanna.

Rafleiðni og hitastig var mælt á 2 stöðum í ánni. Rafleiðni segir til um hve mikið er af næringarefnum í árvatninu.

Niðurstöður og umræða .

Hiti var 12,1°C við neðstu brú í Sæmundará kl 15³⁰ og 10,4 við efstu brú í Valadalsá kl 16³⁵. Bendir þetta til að vatnshiti sé nógu hár í ánum svo að lax geti þrífist. Rafleiðni var 93 US/CM í Valadalsá. Þetta bendir til að mikið sé af næringarefnum í ánni og ætti því að vera mikið af fæðu.


Alls fengust 8 laxaseiði og 2 bleikjuseiði í rafveiðunum (mynd 2). Holdastuðull laxaseiðanna var $1,07 \pm 0,05$ sem er svipað og víða er með laxaseiði. Líklega fara seiðin flest út 3 ára. Meðallengd seiðanna í fyrra var 7,2 cm, en nú 9,6 cm sem þýðir að þau hafa stækkað um 2,4 cm að meðaltali (mynd 2).

Lax sem er árgangur af þessari sleppingu ætti að koma árin 1985 sem smálax og stórlax 1986.



H E I M I L D I R.

Sigurður Már Einarsson 1982. Árangur smáseiðasleppinga í Sæmundar-
á. Veiðimálastofnun.

MYND 1
SÆMUNDARÁ



0 1 2 3 4 5 km



MYND 2.

VÖXTUR LAXASEIÐA SEM SLEPPT
VAR Í VALADALSÁ SUMARIÐ 1981